



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við komu skipsins Íslendinga  
til Brattahlíðar á Grænlandi  
14. júlí 2000**

Yðar Hátign  
Yðar Konunglega Tign  
Formaður heimastjórnar Grænlands  
Vaskir sjófarendur  
Góðir gestir

Við fögnum hér frækinni áhöfn Íslendinga sem siglt hefur leið Leifs heppna og Eiríks rauða – ættar þeirra og fylgdarliðs – yfir torsótt haf til Brattahlíðar. Ferðin hófst á Þjóðhátíðardegi Íslendinga og fyrsti áfangastaður – eins konar heiðursupphaf – var í Dalasýslu fæðingarhéraði Leifs. Þeir vösku afkomendur víkinga sem nú koma hér í höfn á Grænlandi fóru ríðandi frá bæ Eiríks rauða í Dölum, Eiríksstöðum í Haukadal þar sem nýlega hefur verið reistur Þjóðveldisbær nálægt rústum þeim sem fornleifarannsóknir sýna að hafi verið heimskynni landnema fjölskyldunnar um það leyti sem Íslendingasögur greina frá lífshlaupi Eiríks rauða og skyldfólks hans.

Þeir feðgar Eiríkur og Leifur fluttu ekki aðeins fjölskyldu og bústofn heldur menningu og tungumál sem á Íslandi báru í sér blómaskeið þinghalds á Þingvöllum og sögur og ljóð sem skipa einstæðan sess í bókmenntaarfi Evrópu. Mér finnst því við hæfi að fagna hér í dag áhöfn Íslendinga á móðurtungu Leifs heppna og Eiríks rauða, Þjóðhildar, Guðríðar og Þorfinns karlsefnis, málinu sem lifað hefur á Íslandi í þau þúsund ár sem liðin eru frá hinum miklu landafundum Leifs í vestri.

Vaska áhöfn Íslendinga!

Þið hafið nú lagt langa leið að baki, glímt við hafís og þunga strauma og orðið að sæta lagi og nýta hæfni ykkar líkt og gert var fyrrum þegar farin var sú för sem þið nú heiðrið.

Við fögnum ykkur hér og hyllum dug ykkar og djörfung. Glæsileg sigling Íslendinga er verðugt upphaf þeirrar miklu hátíðar sem vinir okkar Grænlandingar halda nú til minningar um þá miklu landkönnuði sem áttu bæði Ísland og Grænland að heimkynnum sínum.

Ykkur fylgja góðar óskir okkar allra og við vonum að í för ykkar áfram verði lýsingin í fornum sögum á afreki Leifs ykkur heillatexti:

„Leifur lét í haf þegar hann var búinn. Leif velkti lengi úti og hitti hann á lönd þau er hann vissi áður öngva von í. Voru þar hveitiakrar sjálfsánir og vínviður vaxinn. Þar voru og þau tré er mösur hétu og höfðu þeir af öllu þessu nokkur merki, sum tré svo mikil að í hús voru lögð.

Leifur fann menn á skipflaki og flutti heim með sér og fékk öllum vist um veturinn. Sýndi hann svo mikla stórmennsku og gæsku af sér. Hann kom kristni á landið og hann bjargaði mönnum. Var hann kallaður Leifur hinn heppni.“

Yðar Hátign  
Heiðruðu Grænlandingar  
Góðir gestir

Með fornum texta úr Eiríks sögu rauða hef ég árnað heilla þeirri vösku áhöfn sem með siglingu sinni heiðrað minningu merkra landkönnuða.

Íslendingar senda Grænlandingum kærar kveðjur og hamingjuóskir með hátíðarhöldin. Við minnumst hér þeirra sem fyrir þúsund árum tengdu lönd okkar saman. Megi líf okkar og starf vera í anda þeirra samvinnu sem þá gerðu ættjarðir okkar að vinavöllum.

Með þeim orðum árna Íslendingar vinum okkar Grænlandingum gæfu og farsældar á framtíðarbraut.